



Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri
601 Akureyri
www.svalbardsstrond.is

Jón Jónsson
Jónsstöðum
601 Akureyri

Svalbarðseyri, 17.03.2016
1407229 EHH

Efni: Grenndarkynning á “Hjartað í Vaðlaheiði”

Á 41. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 2014-2018 þann 24.02.2016 var fjallað um grenndarkynningu í Svalbarðsstrandarhreppi. Bókun sveitarstjórnar var svohljóðandi:

1407229 – Ósk hefur borist frá hópnum „Hjartað í Vaðlaheiði“ um að endurgera hjartað á þeim stað þar sem það hefur verið. Þvi óskar hópurinn eftir varanlegu stöðuleyfi fyrir hjartað skv. meðfylgjandi skipulagsupprætti, dags. 11.02.2016 unnin af Eflu verkfræðistofu.

Sveitarstjórn fór yfir meðfylgjandi gögn, ræddi þessi mál og lýsti sig jákvæða gagnvart verkefninu. Samþykkt að setja málið í grrenndarkynningu.

Í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir m.a. um grenndarkynningar:

„Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfis skyldu framkvæmd“.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur frá ætlaðri móttöku þessa bréfs, þ.e. til og með 18. apríl 2016. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Stærð hjartans og lögun er eins og fram kemur á skipulagsupprættinum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri eða í síma 464 5500 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið postur@svalbardsstrond.is.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni.

<http://www.svalbardsstrond.is/is/skipulag/grenndarkynning>



Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri

601 Akureyri

www.svalbardsstrond.is

Virðingarfyllst,

Eiríkur H. Hauksson
Sveitarstjóri

Yfirlýsing hagsmunaaðila:

Ég, undirrituð/undirritaður, lýsi því hér með yfir að ég geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu skv. meðfylgjandi upprætti.

Dags. _____ 2016

Jón Jónsson